

Colas Ísland hf.  
Björk Úlfarsdóttir  
Gulhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 16.10.2023  
UST202302-113/gf  
08.06.02

**Varðar reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland hf., Ammann 1 þann 20. september 2023.**

Þann 20. september sl. fór fram eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland hf., Ammann 1 sem staðsett var á Reyðarfirði. Stöðin er með breytilega staðsetningu. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávík frá kröfum í starfsleyfi eru opin.

Tvær ábendingar voru gerðar:

1. Bent er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.
2. Einnig er bent á að nota skal lekabyttur undir fljótandi efnavörur.

Eitt frávík frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti.

Útblástursmælingar fyrir árið 2022 voru ekki framkvæmdar. Mælingar í útblæstri voru síðast framkvæmdar þann 15. júlí 2021. Mæla skal efni í útblæstri árlega.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. nóvember 2023.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur